

Prettáandi fundur haldinn í Breiðabliki 18. nóvember 2021 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Herdís Þórðardóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Forsendur fyrir fjárhagsáætlun. Afgreiðslu á þessum lið frestað til næsta fundar.
2. Fjárhagsáætlun vegna Eyja og Miklaholtshrepp seinni umræða. Afgreiðslu frestað.
3. Þriggja ára áætlun fyrir Eyja Miklaholtshrepp, fyrri umræða. Samþykkt til seinni umræðu.
4. 123. Fundur stjórnar FSS, fundargerð frá 27.10.2021. Lögð fram til kynningar.
5. Ábyrgð á veðsetningu í tekjum Eyja og Miklaholtshrepps til tryggingar ábyrgð af láni til Félags og skólaþjónustu Snæfellinga frá Lánasjóði sveitarfélaga. Sveitarstjórn Eyja og Miklaholtshrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Félag og skólaþjónustu Snæfellinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 60.000.000, með lokagjaldþaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna byggingu þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks á Snæfellsnesi, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Eggert Kjartanssyni kt 251164-4879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Eyja og Miklaholtshrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns

6. Fundarboð á aðalfund HEM. Lagt fram.
7. 162 – fundur stjórnar SSV, fundargerð. Lögð fram til kynningar
8. 163 – fundur stjórnar SSV, fundargerð. Lögð fram til kynningar.
9. 164 – fundur stjórnar SSV, fundargerð. Lögð fram til kynningar.
10. 901 fundargerð sambandsins. Lögð fram til kynningar.
11. 902 fundargerð sambandsins. Lögð fram til kynningar.
12. Bréf dagsett 2. nóvember 2021 frá sambandinu og varðar verkefni um innleiðingu hringrásakerfis. Lagt fram til kynningar.
13. Farið yfir dagsetningar á næstu fundum hreppsnefndar. Næsti fundur hreppsnefndar verður 30. nóvember og síðan 9. desember.
14. Fundargerð Fræðslu og skólanefndar frá 10. Desember 2020 liður – fært í trúnaðarbók. Lagt til að liðurinn verði færður í trúnaðarbók og var það samþykkt.
15. Fundargerð Fræðslu og skólanefndar frá 25. febrúar 2021. Lögð fram til kynningar en ekki staðfestingar vegna formgalla og efnisannmarka.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt, fundi slitið kl. 22:55

Herdís Þórðardóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)